



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3051
komudagur 9.7.2008

Reykjavík, 8. júlí 2008
Tilvísun: 200805-0012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, 613. mál, heildarlög.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúkratryggingar, 613 mál, heildarlög.

Frumvarpið kemur í kjölfar laga nr. 160/2007 þar sem verkaskiptingu milli heilbrigðisráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins var breytt. ASÍ var í meginatriðum hlynnt þeirri breytingu.

Markmið frumvarpsins er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Jafnframt er markmið frumvarpsins að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar og styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna.

ASÍ tekur undir þessi markmið frumvarpsins en vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. ASÍ telur mikilvægt að réttur einstaklings til heilbrigðisþjónustu sé betur tryggður með lögum. Í greinargerð frumvarpsins segir m.a.: *„Ákvæði um réttindi sjúkratryggðra eru efnislega óbreytt en hafa verið sett upp með öðrum hætti og orðalag gert skýrara, sbr. III. kafla B-D.“* ASÍ telur mikilvægt að tryggja frekar þennan rétt. Í því sambandi má benda á að í 40. gr. frumvarpsins segir m.a.: *„Við samningagerð skal tryggja aðgengi sjúkratryggðra að þeirri heilbrigðisþjónustu sem samið er um óháð efnahag.“* Mikilvægt er að kveða skýrar að og tryggja sjúkratryggðum aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og félagslegri stöðu.
2. Í áherslum ASÍ í velferðarmálum frá 2003 segir m.a. um verkaskiptingu í heilbrigðiskerfinu og rekstrarform:

„Verkaskipting í heilbrigðiskerfinu

Hlutverk og verkaskipting heilsugæslu, sjúkrahúsa, og sérgreinalækna á að skýra út frá þeirri grunnhugsun, að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður einstaklinga í heilbrigðiskerfinu. Stórefla þarf heilsugæsluna... Undir engum

kringumstæðum má setja sjúkrahúsin undir skilmála markaðskerfisins þar sem hagnaðar- og viðskiptasjónarmið er grundvöllur starfseminnar...

Endurskoða þarf verkaskiptingu sjúkrahúsa og sérgreinalækna. Mikilvægt er að skoða leiðir til þess að fela einkareknum stofum alfarið tiltekin afmörkuð verkefni, sem lúti virku gæða- og kostnaðareftirliti og þar sem jafnt aðgengi er tryggt óháð efnahag. Hins vegar þarf að koma í veg fyrir að sérgreinalæknar starfi bæði á sjúkrahúsum og einkastofum. Þeir verða ýmist launamenn hjá ríkinu eða sjálfstæðir atvinnurekendur. Huga þarf að sérstökum úrræðum í þessum efnum á smærri stöðum á landsbyggðinni þar sem fáir læknar starfa.

Rekstarform

Æskilegt er að fjölga valmöguleikum í þjónustutilboðum. Fjölbreytni gefur frekari möguleika á að leysa ný vandamál og bregðast við breyttum aðstæðum. Fjölbreytni má þó ekki leiða til aukinnar stéttaskiptingar. Mikilvægt er að tryggja, með opinberum stöðlum og eftirliti, að gæði þjónustunnar verði ávalt fullnægjandi og að allir hafi jafnan aðgang að henni óháð efnahag.

Því er nauðsynlegt að draga mjög skörp skil um hvaða eignar- og rekstarform sé heimilt að nota í kjarnaþjónustu heilbrigðiskerfisins. Þegar hagnaðar- og viðskiptasjónarmið verða grundvöllur fyrir þeirri starfsemi, afsalar samfélagið sér auðveldlega ábyrgð og eftirliti með mikilvægum þáttum hennar og þeirri grunngerð sem hún þarf að byggjast á. Hér er ekki aðeins átt við þá grunngerð sem snýr að beinni þjónustu, heldur einnig undirliggjandi þáttum eins og menntun, rannsóknum og nýsköpun.

Nú þegar eru ýmis velheppnuð dæmi um þátttöku einkarekinna stofnana, á vegum félagasamtaka og almannaheillafyrirtækja, í umönnun eldra fólks, barna, endurhæfingu og áfengis- og vímuefnaeðferð. Hugsanlega má styðjast við þessi dæmi við frekari útfærslu á þjónustutilboðum."

3. III kafli frumvarpsins um sjúkratryggingar er að mestu efnislega samhljóða V. kafla laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Æskilegt er að fara vandlega yfir þær greinar frumvarpsins sem heyra undir þennan kafla og færa til betra horfs. Sem dæmi má nefna að tannréttingar eru sérstaklega undanskyldar í 20. gr., þrátt fyrir að fáir deili um nauðsyn þeirra í dag.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrásson

Ólafur Darri Andrásson
Hagfræðingur ASÍ